

Ed.

205. Frumvarp til laga

[161. mál]

um breyting á lögum nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer í 1. gr. laganna verði þannig:

			Tollskrár- tollur	Efta- tollur	Núverandi- tollur
12.09	00	Hálmur og hýði af korni, óunnið eða saxað, en ekki frekar unnið	0		35%
15.07	85	Sólrósarolía .....	21%		25%
15.07	86	Rapsolía, colzaolía og mustarðsolía .....	21%		25%
15.07	92	Rísínusolía .....	21%		25%
15.07	93	Önnur .....	21%		25%
17.03	02	Falli niður.			
17.03	09	Annað .....	20%		20%
21.07	07	Ávaxtasafi, tilreiddur og blandaður, umfram það, sem tilgreint er í 20.07 .....	50%		100%
22.01	01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru .....	100%	70%	70%
22.02	00	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telet til nr. 20.07 .....	100%	70%	70%
22.03	00	Öl gert úr malti .....	100%	70%	70%
24.02	32	Neftóbak .....	35%	25%	35%

		Tollskrár- tollur	Efta- tollur	Núverandi- tollur
<b>25.12</b>	<b>Kísilsalli og önnur þess konar kísilsýrurík jarðefni (t. d. kísilgúr, infúsóríujörð, díatómjörð) með rúmpýngd 1 eða minna, einnig brennt:</b>			
	01 Kísilgúr .....	20%	14%	20%
	09 Annað .....	20%		20%
<b>25.21</b>	<b>Kalksteinn, sem ætlaður er til framleiðslu á kalki, sementi eða við málmvinnslu:</b>			
	01 Kalkáburður .....	0		20%
	09 Annað .....	20%		20%
<b>32.08</b>	<b>00 Tilreidd pigment, tilreidd gruggunarefni og tilreiddir litir, smelt og annar glerungur, fljótandi, gljáamyndandi efni og önnur þess konar framleiðsla, sem notuð er við leirmunagerð, smeltun og glergerð; engober (slíps); glerfrit og annað gler sem duft, korn eða flögur</b>	15%		20%
<b>32.09</b>	03 Áldeig .....	20%	14%	60%
<b>33.04</b>	03 Bökunardropar .....	30%	21%	55%
<b>33.06</b>	01 Hárlíðunarvökvar, hárlíðunarduft, hárlakk, hárlitir, hárkrem, hárfvottalögur (shampoo) og önnur hársnyrtiefni .....	100%	70%	100%
<b>33.06</b>	03 Húðkrem, húðolía og rakspritt .....	100%	70%	100%
<b>34.02</b>	02 Falli niður.			
<b>38.11</b>	02 Efni til að hindra spírur eða til eyðingar illgresis; jurtalyf ..	20%		20%
<b>38.19</b>	15 Prófefni (reagenser), svo og hitakeilur .....	25%		25%
<b>39.02</b>	92 Plastplötur, háraðar .....	15%		40%
<b>39.02</b>	93 Hitaeinangrunarplötur til húsbýgginga .....	40%	30%	
<b>39.02</b>	99 Annað .....	40%		
<b>39.03</b>	25 Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynna .....	15%		25%
<b>39.04</b>	02 Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir .....	25%		25%
<b>39.04</b>	03 Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynna .....	15%		25%
<b>39.04</b>	04 Handfæralínur úr syntetískum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál .....	4%	4%	4%
<b>39.05</b>	02 Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir .....	25%		25%
<b>39.05</b>	03 Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynna .....	15%		25%
<b>39.05</b>	04 Límbönd .....	25%		25%
<b>39.05</b>	05 Handfæralínur úr syntetískum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál .....	4%	4%	4%
<b>39.06</b>	02 Stengur með hvers konar þverskurði (prófilar), pípur og þræðir .....	25%		25%
<b>39.06</b>	03 Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynna .....	15%		25%
<b>39.07</b>	45 Lampar, lampaskermar og lýsingartæki ót. a. ....	90%	65%	90%
<b>39.07</b>	77 Umgerðir um skuggamyndir .....	50%	35%	
<b>39.07</b>	89 Aðrar vörur úr plasti .....	70%		
<b>42.05</b>	09 Annars .....	65%		
<b>43.01</b>	00 Loðskinn, óunnin .....	30%	21%	30%
<b>43.02</b>	00 Loðskinn sútuð eða unnin (þar með teljast loðskinn saumuð saman í plötur, krossa o. þ. h.); loðskinnshlutar og afklippur (þar með talin höfuðskinn, skinn af fótum og skottum), sútað eða unnið, ekki saumað saman .....	35%	25%	35%
<b>44.27</b>	01 Lampar og önnur ljósatæki úr trjáviði .....	90%	65%	90%

			Tollskrár- tollur	Efta- tollur	Náverandi- tollur
44.28	94	Líkkistur .....	70%	50%	
44.28	99	Annars .....	70%		
46.02	09	Annað .....	60%		
46.03	09	Annað .....	100%		
48.09		<b>Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpíx, gerviharpíx eða öðrum þess háttar bindiefnum:</b>			
	01	Byggingarplötur yfir 15 mm að þykkt .....	20%		30%
	09	Aðrar .....	30%		30%
48.13	00	<b>Kalkerpappír og annar pappír til fleiritunar, stensilpappír og annar hliðstæður pappír, tilskorinn, einnig í öskjum .....</b>	7%		55%
48.16	02	Pappírspokar margfaldir til umbúða um kartöflur, sement og áburð, enda sé á þeim viðeigandi áletrun, svo og aðrir margfaldir pappírspokar til umbúða, að flatarmáli 0,2 m <sup>2</sup> og stærri	15%	11%	
48.19	01	Vörur- og merkimiðar, óáprentaðir .....	30%	21%	30%
48.21	03	Lampar og lampaskermar .....	90%	65%	90%
48.21	09	Falli niður.			
48.21	11	Umgerðir um skuggamyndir .....	50%	35%	
48.21	19	Annars .....	70%		
51.04	10	Falli niður.			
Inn komi:		<i>Úr syntetískum trefjum:</i>			
51.04	11	Grófur einskeftur vefnaður úr flötum einþáttungum 3—5 mm á breidd .....	2%	2%	25%
51.04	19	Annað .....	25%	20%	
59.04	03	Falli niður.			
59.06	03	Öngultaumar .....	4%	4%	4%
62.05	02	Björgunar- og slysavarnatæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	0		20%
62.05	09	Falli niður.			
62.05	11	Skóskraut úr spunavöru .....	10%	7%	10%
62.05	19	Annars .....	80%	55%	
68.16	03	Jurtapottar til gróðursetningar (sem eyðast í jörðu) .....	20%		35%
69.03	00	<b>Aðrar eldfastar vörur (svo sem tilraunaker, deigluur, múffluur, stútar, tappar, fótstykki, kælislóngur, lokar, pípur, plötur og stengur), þó ekki þær, sem teljast til nr. 69.01 .....</b>	14%		35%
69.13	01	Lampar og lýsingartæki .....	90%	65%	90%
70.01	00	Glerbrot og annar glerúrgangur, glermassi (þó ekki optískt gler) ..	18%		25%
70.02	00	Glerungur og smelt í massa, stöngum eða pípum .....	18%		25%
70.03	00	Gler í kúlum, stöngum eða pípum (þó ekki optískt gler) óunnið ..	18%		25%
70.04	00	Óunnið steipt eða valsað gler (þar með talið gler, sem við framleiðsluna hefur verið yfirlagt öðru gleri eða styrkt með málmþræði), með rétthyrningslögum, einnig mynstrað .....	18%		35%
70.05	00	Óunnið teygð eða blásið gler (einnig þakið öðru gleri við framleiðsluna) með rétthyrningslögum .....	18%		35%
70.06	00	Steipt, valsað, teygð eða blásið gler (einnig yfirlagt öðru gleri við framleiðslu eða styrkt með málmþræði) með rétthyrningslögum og slípað eða fágað á yfirborði, en ekki frekar unnið .....	18%		35%
70.07		Steipt, valsað, teygð eða blásið gler (þar með talið gler yfirlagt öðru gleri við framleiðsluna eða styrkt með málmþræði), skoríð í aðra lögun en rétthyrnda, beygt eða unnið (t. d. kantslípað eða áletrað), einnig slípað eða fágað; marglaga einangrunargler, blýgreypar rúður og þess háttar:			
	01	Marglaga einangrunargler .....	50%	35%	50%

			Tollskrár- tollur	Efta- tollur	Núverandi- tollur
	09	Annað .....	50%		50%
73.18	32	Pípur til raflagna .....	25%		35%
73.29	02	Snjókeðjur og hlutar til þeirra, á bifreiðar og önnur ökutæki, úr stálvír 4—10 mm í þvermál .....	35%		60%
73.29	09	Aðrar .....	25%		35%
76.03		<b>Plötur og ræmur úr áli:</b>			
	01	Báraðar eða mótaðar plötur til bygginga .....	15%		0
	09	Annað .....	0		0
83.07	04	Götuljósker svo og ljóskastarar með dreifðum geisla til lýs- ingar á útisvæðum .....	35%	25%	35%
83.07	09	Annað .....	90%	65%	90%
84.40	15	Vélar til eftirvinnslu á garni og spunavöru .....	7%		25%
84.51	01	Ferðaritvélar .....	35%		45%
84.51	09	Aðrar .....	35%		45%
84.52	01	Bókhaldsvélar .....	35%		45%
84.52	02	Reiknivélar .....	35%		45%
84.52	03	Fételjarar (stimpilpeningakassar) .....	35%		45%
84.52	09	Aðrar .....	35%		45%
84.54	01	Áritunarvélar og fjölrítarar .....	35%		45%
84.54	09	Annað .....	35%		45%
84.55	01	Til ritvéla .....	35%		45%
84.55	09	Annað .....	35%		45%
85.12	01	Rafmagnseldavélar, bókunar- og steikarofnar .....	80%	55%	80%
87.14	02	Heyflutningavagnar með útbúnaði til losunar og/eða lestunar og aðrir vagnar með áföstum tækjum til jarðræktar (áburðar- dreifingar, heyvinnslu o. þ. h.) .....	7%		7%
87.14	03	Falli niður.			
89.01	21	Þjörgunarbátar úr hvers konar efni eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	0		4%
97.04	09	Önnur .....	90%		
97.07	02	Veiðistengur .....	50%	35%	50%
97.07	03	Hlutir í veiðistengur, flugur eða tálbeitar .....	35%		50%
97.07	09	Annað .....	50%	35%	50%
98.02	09	Annað .....	35%	25%	35%
98.07	00	Dagsetningar-, innsigli- og tölusetningarstimplar o. þ. h. (þar með talin tæki til prentunar eða áletrunar á vörumiða), ætlað til notk- unar í höndunum; letur og leturhaldarar til handstimplunar ....	80%	55%	

## 2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 31. tl. orðist svo:
  31. Að lækka um allt að 40% gjöld af efni í rafmagnsspenna og rafmótora.
2. 45. tl. orðist svo:
  45. Að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflu-  
görðum, svo og af tækjum til sjálfvirkrar vökvunar í gróðurhúsum, sem  
svari því, að greiddur sé 10% verðtollur.
3. Inn komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
  48. Að ákveða, að ýmsar vörur, er bera sama hundraðshluta tolls, í smásend-  
ingum allt að kr. 10 000.00 að fob-verðmæti, megi við tollafgreiðslu sameina  
í eitt tollskrárnúmer. Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa  
ákvæðis.

4. 50. tl. 3. gr. falli niður. Inn komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
50. Að endurgreiða tollmismun af efnivörum
- a) til framleiðslu á rafmagnseldavélum og bókunar- og steikarofnum, þannig að tollur verði ekki hærri en 25% af neinni notaðri efnivöru,
  - b) til framleiðslu á rafmagnslýsingatækjum, þannig að tollur verði ekki hærri en 35% af neinni notaðri efnivöru, annarri en þeirri, sem telst til sömu tollskrárnúmera og lamparnir fullgerðir,
  - c) til framleiðslu á veiðistöngum og veiðiflugum, þannig að tollur verði ekki hærri en 18% af neinni notaðri efnivöru, annarri en þeirri, sem telst til nr. 97.07.
5. Síðasta málsgrein 51. töluliðar 3. gr. falli niður frá orðunum: „Ráðuneytinu er með auglýsingu“ og út að tölulið 52.

**3. gr.**

Á eftir 39. gr. laganna komi ný gr., 40. gr., svo hljóðandi:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Nú lækkar kostnaðarverð vöru vegna ákvæða þessara laga, og er Verðlagsnefnd þá heimilt að hækka hundraðshluta leyfðrar álagningar á henni (sbr. ákvæði 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 94/1970), þó eigi svo, að álagning hækki að krónutölu frá því, sem gildi fyrir gildistöku þessara laga.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1971.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

**Um 1. gr.**

Á síðasta þingi urðu veigamiklar breytingar á tollskrárlögum, sem áttu rót sína að rekja til aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu. Urðu þá m. a. lækkanir á tollum svonefndra verndarvara, sem námu 30%, gagnvart aðildarlöndum Fríverzlunarsamtakanna. Hráefni lækkaði þá almennt um 50%, þó með allmörgum undantekningum. Vitað var, að þær gagngerðu breytingar, sem þá áttu sér stað á tollskránni, myndu kalla á einhverjar lagfæringar fljótlega eftir að aðild okkar að samtökunum varð virk. Þannig hefur komið í ljós að allmargar vörutegundir eru framleiddar hér í landi, sem ýmist var ekki vitað um þá, eða hugmyndir voru uppi um að eyða verndarþætti tollanna með öðrum hætti en tollalækkun.

Veigamestu breytingar þessa frumvarps eru þær, að ýmsar vörur, svo sem rafmagnseldavélar, tvöfalt gler, lampar og lýsingartæki og fleiri vörur, eru lækkaðar um 30% gagnvart löndum Fríverzlunarsamtakanna. Hráefni til framleiðslu þessara vara er jafnframt lækkað yfirleitt um 50%.

Lagt er til að gera nokkrar aðrar breytingar til samræmis, t. d. er tollur af báruðum plastplötum lækkaður í 15%, tollur af kalkerpappír og öðrum fleirritunarpappír er lækkaður í 7%, tollur af snjókeðjum lækkaður í 35% og tollur af nokkrum vélum til fataiðnaðar lækkaður í 7%. Þá er tekin inn í frumvarpið lækkun á ýmsum skrifstofuvélum í 35% og er þá um að ræða síðasta þáttinn í GATT-tollalækkunum. Áætlað er að tekjutap ríkissjóðs nemi um 26 millj. kr. miðað við innflutning 1969 og er þá gert ráð fyrir, að allur innflutningur færist yfir á EFTA-lönd.

**Um 2. gr.**

1. Gert er ráð fyrir nýju heimildarákvæði til þess að lækka um 40% gjöld af efni til framleiðslu á rafmótorum.

2. Tekin er inn heimild til lækkunar á gjöldum af tækjum til sjálfvirkrar vökvunar í gróðurhúsum niður í 10%, hliðstætt því sem nú er um vatnsúðunarkerfi í kartöflugörðum.
3. Lagt er til að taka inn heimild til að sameina í eitt tollskrárnúmer vörur í smásendingum sem bera sama hundraðshluta í toll. Er talið að hagræði geti verið að þessu bæði fyrir innflytjendur og tollafgreiðslur, sérstaklega þegar um er að ræða innflutning á ýmsum varahlutum í vélar og tæki.
4. Með því að tekinn er upp sérstakur EFTA-tollur á rafmagnseldavélum, rafmagnslýsingatækjum og veiðistöngum, er gert ráð fyrir heimild til að endurgreiða gjöld að hluta af efnivörum til framleiðslu þessara vara.
5. Síðasta málsgr. 51. tl. fellur niður, þar eð heimildin hefur með frumvarpi þessu verið notuð að fullu.

Um 3. gr.

Tekin er inn heimild fyrir verðlagsnefnd til þess að ákveða, að álagning í krónutölu megi haldast allt að því óbreytt á þeim vörum, sem lækka vegna ákvæða laga þessara.